



## Launavísitalan hækkaði um 0,3% í ágúst og heldur siglingu sinni áfram

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli júlí og ágúst samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,9%, sem er eilítið hærri árstaktur en verið hefur síðustu mánuði.

Launavísitalan hækkaði um 3,7% í janúar vegna áfangahækkana í kjarasamningum og hefur nú hækkað um samtals 5,7% á fyrstu átta mánuðum ársins. Ekki hefur verið um almennar launahækkunarir að ræða samkvæmt kjarasamningum síðan í janúar og kjarasamningsbundnar hækkunarir verða ekki aftur fyrr en í janúar 2022. Það sem af er ári hefur verið talsverð hreyfing á launavísitölunni upp á við, en miðað við stöðuna mætti ætla að launaþróun væri á rólegum nótum um þessar mundir og staðan verði mögulega svipuð út árið.

### Kaupmáttur lækkað eilítið frá áramótum en þó áfram mikill

Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,3% milli ágúst mánaða 2020 og 2021. Launavísitalan hækkaði um 7,9% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára var 3,5%.

Kaupmáttur launa er því áfram mikill í sögulegu samhengi þrátt fyrir töluverða verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitalan hefur lækkað eilítið frá því í janúar og var kaupmáttur launa í júlí 1,2% lægri en í janúar, en þá var kaupmáttur í sögulegu hámarki.

### Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum milli 2. ársfjórðungs 2020 og 2021 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 5,8% á þessum tíma og um 12,1% á þeim opinbera, 10,5% hjá ríkinu og 14,1% hjá sveitarfélögunum.


Opinberi markaðurinn hefur þannig verið leiðandi í launabreytingum á tímabilinu, þrátt fyrir að staða kjarasamningagerðar hafi jafnast. Munurinn milli markaða virðist vera að aukast. Á þessu ári hefur

12 mánaða hækunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun hópa á vinnumarkaði á 2. ársfjórðungi 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



hluti hækkunarinnar á opinbera markaðnum komið til vegna vinnutímastyttingar líkt og gerðist á almenna markaðnum í fyrra. Áhrif styttingar vinnutíma eru hins vegar ekki metin inn í launavísitölu nema þau séu talin ígildi launahækkana.

Frá nóvember 2019 til júní 2021 eru áhrif styttingar vinnuviku talin vera um 0,9 prósentustig á almennum vinnumarkaði, 2,7 prósentustig hjá ríkisstarfsmönnum og 3,0 prósentustig hjá starfsfólki sveitarfélaga.

### Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun verkafólks mest, eða um 8,3% á 2. ársfjórðungi frá sama tíma í fyrra. Laun tækna og sérmenntaðs fólks hækkuðu minnst, eða um 3,9%. Launavísitalan hækkaði um 7,5% á tímabilinu þannig að einungis laun þjónustu-, afgreiðslu- og sölufólks auk verkafólks hafa hækkað meira en meðaltalið og laun annarra starfsstétta minna, sérstaklega tækna og sérfræðinga.

### Laun í atvinnugreinum


Meðal atvinnugreina á almenna markaðnum hækkuðu laun milli 2. ársfjórðungs 2020 og 2021 mest á veitinga- og gististöðum, um 10,2%, og áberandi minnst í fjármála- og váttryggingastarfsemi, um 3,5%.

Þróun launa í rekstri gististaða og veitingarekstri er áfram athyglisverð. Núgildandi kjarasamningar hafa verið hlutfallslega dýrir fyrir ferðaþjónustuna eins og reikna mátti með þar sem launastig er almennt lágt í þeim geira. Laun hafa hækkað umfram kjarasamninga á þessu ári og er líkleg skýring sú að nauðsynlegt hafi verið að hækka laun til þess að geta mannað stöður í greininni, en fyrr á árinu var einmitt nokkur umræða um að erfitt væri að fá fólk til starfa í ferðaþjónustu.

### Endurskoðun kjarasamninga í september


Í september 2021 skal launa- og forsendunefnd lífskjarasamningsins meta hvort forsendur um kaupmátt launa, vexti og þær stjórnvaldsákvæðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið var í yfirlýsingum ríkisstjórnar hafi staðist. Tilkynna skal ákvörðun nefndarinnar fyrir lok september.

### Launapróun á tveimur mörkuðum




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Launapróun eftir starfsstéttum - breyting á 2. ársfj. 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Launapróun eftir atvinnugreinum - breyting á 2. ársfj. 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Ekki er búist við að mikill ágreiningur verði uppi að þessu sinni og útlit er fyrir að nefndin nái samkomulagi um að forsendur hafi staðist. Verði staðan sú mun lífskjarasamningurinn gilda til 1. nóvember 2022.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.